

Híbýlahættir og byggingarsaga Þverár í Laxárdal

Lokaskýrsla Nýsköpunarsjóðs námsmanna 2010



Þjóðminjasafn Íslands

Sunnefa Völundardóttir

Útdráttur

Síðan árið 1968 hefur bærinn Þverá í Laxárdal verið hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að viðhaldi á bænum og þótti því tímabært að leggja grunn að frekari heimildarvinnu um staðinn. Verkefni þetta var rannsókn á híbýlaháttum og byggingarsögu bæjarins og var áhersla lögð á að safna saman hinum ýmsu heimildum sem gætu varpað skýrara ljósi á sögu bæjarins og ábúenda hans. Þetta var gert með leit á skjalasöfnum, í ljósmyndasöfnum, með viðtöllum við einstaklinga sem tengsl höfðu við bæinn og loks voru gripir bæjarins skráðir og ljósmyndaðir. Rannsóknin var gerð með það að leiðarljósi að mynda heimildagrunn sem nýst gæti í miðlun á staðnum í formi sýningar, í bæklingagerð og miðlun á vef Þjóðminjasafnsins. Auk þess mun verkefnið styðja þátttöku Þverárbæjarins í raðtilnefningu íslensku torfbæjanna til heimsminjaskrár.

Inngangur

Bærinn Þverá í Laxárdal er torfbær af norðlenskri gerð. Hann var byggður á árunum 1849-51 en jörðin hefur verið byggð mun lengur og hafa ábúendur hennar verið raktir aftur allt til sögualdar, frá því um 1220.¹ Sá sem byggði bæinn í núverandi mynd hét Jón Jóakimsson og var hann lærður smiður en í bænum hafa alla tíð síðan búið ættmenni hans, börn, barnabörn og barna-barnabörn, þangað til að flutt var úr bænum árið 1966 í nýtt steinhús sem byggt var á jörðinni. Í því húsi býr nú langafabarn Jóns Jóakimssonar, Áskell Jónasson.

Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands tók Þverá í sína vörslu árið 1968 og allar götur síðan hefur safnið í samstarfi við heimafólk unnið að því að halda bænum í sem bestu ásigkomulagi, en bær sem þessi, sem mestmegin er byggður úr torfi og grjóti, þarfust gífurlegs viðhalds. Viðgerðirnar hafa tekið sinn tíma enda krefjast þær mikillar vandvirkni og eru kostnaðarsamar. Í dag er þó ytri ásýnd bæjarins orðin allgóð og bærinn hinn reisulegasti. Þar sem viðgerðir á bænum eru komnar vel á veg er tímabært að huga að framhaldinu og því hlutverki sem bærinn getur þjónað sem minnisvarði um íslenska byggingargerð og sveitamenningu. Í undirbúningi er samningur milli Þjóðminjasafns Íslands og Áskels Jónassonar, núverandi ábúanda á Þverá, um að Þjóðminjasafnið taki við allri umsjón bæjarins, allra innanstokksmuna og þeirra úтиhúsa sem eru á jörðinni. Með þessum samningi verður tryggt að það menningarlandslag sem varðveist hefur svo vel á Þverá fram á okkar dag muni eiga sér enn lengri líftíma.

Það eru margvíslegar ástæður fyrir nauðsyn og mikilvægi þess að varðveita Þverárbæinn. Fyrir það fyrsta þá skal hafa í huga að varðveittir torfbærir á Íslandi eru ekki sérlega margir og því er mikilvægt að hlúa sem best að þeim sem enn standa uppi svo að þessi stóri þáttur í sögu Íslendinga megi lifa sem lengst. Búið var afar lengi á Þverá, allt til 1966 eins og áður sagði, og því hefur bærinn óvenju sterka tengingu inní nútímann. Þó að ytri ásýnd bæjarins hafi kannski ekki tekið miklum breytingum á þessum rúmlega 100 árum sem búið var í honum þá er öruggt að lífið innan hans hefur þróast í takt við þær samfélagsbreytingar sem urðu á tímabilinu.

Bærinn er stór, vandvirknislega smíðaður og að mörgu leyti hugvitsamlega gerður en það má t.d. nefna svokallaðan rangala í bænum þar sem bæjarlækurinn er leiddur í gegnum bæinn og inn í þar til gert lækjarhús. Þarna var hægt að kæla matvöru auk þess sem mikil

¹Hallgrímur Pétursson, *Laxdælir. Ábúendatal 1688-1990*, bls. 142-161.

hagræðing var í því að þurfa ekki að fara út fyrir hússins dyr til að sækja vatn. Í kringum bæinn má enn fremur sjá leifar úтиhúsa af ýmsum gerðum en ásamt bænum mynda þau því ákveðna heildarmynd sem gefur góða hugmynd um fyrri búsetuhætti.

Þverárbænum tengjast margir merkismenn og má segja að þar hafi verið nokkurs konar menningarsetur í gegnum árin. Margir hafa heyrt um stofnun Kaupfélags Þingeyinga, fyrsta kaupfélags landsins, en stofnfundurinn var haldinn í Þverárbænum árið 1882. Í bænum bjuggu hreppstjórar og framfarasinnar, menningarvitar og listamenn. Þar voru skrifaðar ítarlegar dagbækur, haldnir fundir, lesnar bækur og spiluð tónlist, allt með svo miklum metnaði að eftirtektarvert þótti og má sjá þess dæmi í hinum ýmsu heimildum.

Tilgangur þessa verkefnis var að safna saman sem mestu af upplýsingum um bæinn, byggingarsögu hans, innanstokksmuni og almenna híbýlahætti. Þetta er gert með það í huga að í náinni framtíð verði hægt að byggja upp á bænum menningartengda ferðaþjónustu þar sem ferðamenn, bæði innlendir sem erlendir, geti fengið að upplifa lífið í torfbæjum eins og það tíðkaðist áður fyrr og fái tilfinningu fyrir tengingu hússins við menningu og sögu landsins. Mikilvægt er að bærinn sé metinn fyrir sérstöðu sína og sögu en einnig sem hluti af þeirri heild sem torfbæjarmenningin er á Íslandi sem jafnframt er einstök á heimsvísu. Auk þess tengist verkefnið svokallaðri raðtilnefningu torfbæja á Heimsminjaskrá UNESCO, en Þjóðminjasafn Íslands vinnur nú að gerð yfirlitsskrár fyrir hönd íslensku heimsminjanefndarinnar. Þverárbærinn er á þeim lista yfir íslenska torfbæi sem ráðgert er að leggja fyrir Heimsminjanefnd en hún gerir miklar kröfur um þá staði sem tilnefndir eru og því er þetta rannsóknarverkefni einnig þáttur í því að mynda sem bestan upplýsingagrunn sem gæti stutt þátttöku Þverárbæjarins í tilnefningunni. Verkefnið var unnið fyrir Þjóðminjasafn Íslands en einnig í samstarfi við Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík þar sem hluti rannsóknarvinnunnar fór fram þar.

Í þessari skýrslu er ætlunin að fara yfir þá vinnu sem átt hefur sér stað síðastliðna þrjá mánuði, kynna þann heimildagrund sem orðinn er til um Þverárbæinn og loks leggja fram tillögur um nýtingu heimildanna svo hægt verði að miðla sem best þeirri sögu og menningu sem orðið hefur til í bænum.

Meginmál

Aðferðafræði

Í upphafi var lítið vitað um hvers konar heimildir væri hægt að finna sem myndu varpa skýrara ljósi á sögu Þverárbæjarins svo þar var vaðið fremur blint í sjóinn. Þó var lagt upp með það að safna saman flestu því sem skýrt gæti þrjá þætti í sögu bæjarins. Í fyrsta lagi var það saga byggingarinnar sjálfrar, viðgerða á henni og þeirra breytinga sem hún hefði tekið í tímanna rás. Ekki síst var lagt upp úr því með heimildaleitinni að komast sem best að því hvernig bærinn hafi lítið út þegar Þjóðminjasafnið tók við honum, þ.e. þegar hlutverk bæjarins breyttist úr almennri vistarveru í eins konar safngrip. En vegna sífellds viðhalds á bænum síðustu 40 árin hefur hann óumflýjanlega tekið einhverjum breytingum. Í öðru lagi var stefnt á að safna saman öllu því sem gæti gefið skýrari mynd af lífinu í bænum fyrr á tímum, hvernig bærinn hafi verið nýttur og hvernig lífi fólks hafi verið háttáð í bænum. Í þriðja lagi var ráðgerð grófleg skráning á öllum innanstokksmunum bæjarins. Enn sem komið er hefur lítið verið gert í átt að forvörlu gripanna í bænum sem eru talsvert margir. Fáir gripir voru fluttir yfir í nýja íbúðarhúsið þegar það var byggt og því hafa þeir munir sem voru í bænum lítið verið hreyfðir þaðan. Hugmyndin með skráningunni var að fá yfirlit yfir þá gripi sem geymdir eru í bænum svo hægt væri að fá heildstæða mynd af þeim efnivið sem er til staðar í hugsanlega sýningargerð en sem einnig gæti nýst forvörðum Þjóðminjasafnsins til að gera áætlanir um forvörlu í bænum. Einnig var lagt upp með það að safna saman sem mestum upplýsingum um gripina, heiti þeirra, notkun, aldur, eigendur o.s.frv. þar sem mögulegt er að sú skráning megi nýtast í framtíðarskráningu í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn sem Þjóðminjasafnið er aðili að.

Sú aðferðafræði sem höfð var að leiðarljósi við heimildaleitina byggði á aðferðum félags- og hugvísinda. Leitað var fanga í skjalasöfnum að hinum ýmsu skriflegu heimildum sem gætu nýst í rannsókninni. Einnig var leitað eftir gömlum ljósmyndum í skjala-, ljósmynda- og einkasöfnum og viðtöl tekin við fólk sem tengsl hafði við bæinn. Ennfremur var farið yfir það efni tengt bænum sem þegar hefur verið gefið út á prenti og loks voru gripir bæjarins, bærinn sjálfur og úthús hans ljósmynduð og skráð. Heilmikið er til af skriflegum heimildum sem ekki eru hér í heimildapakkanum. Farið var yfir bréfa- og skjalasöfn Jóns Jóakimssonar (J.J.), Benedikts Jónssonar frá Auðnum (sonar J.J.), Jóns Jónssonar Þveræings (sonar J.J.), Snorra Jónssonar (sonar J.J.), Jónasar Snorrasonar (sonarsonar J.J.) og Jakobs Hálfdanarsonar (bróðursonar J.J.) og eru þau öll fremur umfangsmikil. Það efni sem virtist

tengjast bænum sjálfum var ljósritað og sett í heimildasafnið en í söfnunum kennir ýmissa grasa og má því finna þar margt forvitnilegt sem hugsanlega gæti nýst seinna meir. Mikið er um sendibréf, persónulegar færslur um líf og búskap, ýmis opinber skjöl, uppskriftir af ýmsum fræðslu- og skemmtiritum og margt fleira.² Af því efni sem hefur verið útgefið má svo kynna sér líf og störf þessa fólks sem ólst upp á bænum eða í návígi við hann enn betur.³ Rannsókn þessi var að mestu leyti afmörkuð við bæinn sem slíkan frá því að hann var reistur 1849 en ekki fyrri búsetu á jörðinni. Það var því ekki lögð áhersla á heimildir um búsetu fólks fyrir þann tíma en þær er eflaust hægt að finna, t.d. í gömlum úttektum, vísatásíubókum, manntölum o.s.frv.⁴

Byggingarsaga og viðgerðir

Íslenskir torfbærir eru þess eðlis að hafa verið í sífelldri þróun allt frá hinum upphaflega byggingartíma. Eftir því sem lífshættir og efni fólks töku breytingum, breyttust bæirnir að sama skapi, nýjar viðbyggingar bættust við, hlutverk einstakra rýma innan bæjarins breyttust og nýtingin þar með. Því er ekki hægt að líta á torfbæinn sem óhaganlega stærð heldur er hann minnisvarði þeirra breytinga sem líf ábúenda hans hefur tekið og samfélagsþróunarinnar í landinu. Stefna húsasafns Þjóðminjasafnsins er á þá leið að varðveita skuli þau hús sem eru tekin í safnið í því ástandi sem tekið var við þeim frekar en að reyna að færa þau til eldra horfs.⁵ Enda getur það reynst afar erfitt að áætla um upprunalegt útlit torfbæja sem eins og fyrr segir hafa oftar en ekki verið í stöðugri þróun allt frá því þeir voru fyrst reistir.

Skipta má byggingar- og viðgerðarsögu Þverárbæjarins í tvö tímabil. Hið fyrra spannar raunar allan þann tíma sem búið var í bænum, allt frá því að hann var byggður á árunum 1849-51. Eðli torfbæjarins samkvæmt þarfnaði hann stanslaust viðhalds og aðhlynningar og má því gera ráð fyrir því að Þverárbærinn hafi tekið talsverðum breytingum á þeim rúnum 100 árum sem búið var í bænum. Þessar breytingar er erfitt að meta miðað við núverandi ástand bæjarins og verður að reiða sig á aðrar heimildir. Jón Jóakimsson sem byggði Þverárbæinn skyldi eftir sig dagbækur sem spönnuðu nánast alla ævi hans á Þverárjörðinni eða frá 1844-1892. Þessar bækur eru að öllum líkindum bestu heimildirnar um byggingu

² Sjá m.a. geymsluskrár frá Héraðsskjalasafni Þingeyringa í heimildaskrá.

³ Sjá útgefnar bækur í heimildaskrá.

⁴ Sjá m.a. ljósrit úr vísatásíubókum í Þverármöppu húsasafnsins.

⁵ „Eftirfarandi stefna var samþykkt á fundi framkvæmdaráðs Þjóðminjasafnsins 10. feb 1998: „Að jafnaði ber að varðveita þau [hús húsasafns] eins og safnið tók við þeim og forðast tilraunir til að færa þau til eldra horfs. Færa þarf gild rök fyrir hverri undantekningu frá þeirri meginreglu“. Guðrún Harðardóttir, *Laufás í Eyjafirði. Viðgerðir 1997-2000*. Rvk, 2006, bls. 8.

bæjarins þótt þær séu fremur knappar í stíl. Búið var að rita upp úr dagbókunum það sem viðkom byggingarframkvæmdum á árunum 1849-1892 og við frekari skoðun á dagbókunum virðist þar vera komið allt sem J.J. skrifandi um þær.⁶ Dagbækurnar eru þó langar og ítarlegar og oft á köflum fremur torlesnar, því gæti eitthvað fleira leynst í þeim sem ekki hefur verið skrifandi upp. Þessar færslur nýtast þó vel í því að tímasetja byggingu einstakra hluta bæjarins allt frá því hafist var handa við byggingu baðstofunnar árið 1849 og þar til reist var stóarhús milli búrsins og baðstofunnar fyrir nýja eldavél árið 1892. Best nýtast bækurnar þó líklega þegar verið er að leita eftir lýsingu á ákveðnum atburði sem þá er hægt að fletta upp eftir dagsetningu. Dagbækurnar eru geymdar á Héraðsskjalasafni Þingeyinga á Húsavík.

Í leit á skjalasöfnum, á handritadeild Landsbókasafnsins og Héraðsskjalasafni Þingeyinga, fundust nokkur skjöl sem einnig geta gefið skýrari mynd af Þverárbænum. Árið 1900 var sent út bréf til sýslunefnda landsins þar sem beðið var um yfirlit yfir byggingarástand í hverri sýslu, þ.á m. fyrirkomulag húsbygginga, nýjar byggingartilraunir, byggingarefni, aldur og endingu húsa, raka o.fl. Tvær slikar skýrslur fundust um byggingarástand í S-Þingeyjarsýslu sem gerðar voru af sitthvorum aðilanum. Þetta eru áhugaverðar skýrslur þar sem farið er vandlega yfir húsbyggingar á svæðinu. Á stöku stað eru svo tekin dæmi um ákveðnar gerðir húsa og kemur Þverá þar nokkrum sinnum fyrir, m.a. sem dæmi um eina „vönduðustu og varanlegustu þrepabaðstofu“ og enn fremur sem vandaðasti torfbær svæðisins með hefðbundinni húsaskipan.⁷ Af öðrum skjólum sem geta gefið hugmynd um eðli byggingarinnar mætti nefna virðingargerð á húsum á jörðinni Þverá í Laxárdal vorið 1893⁸ þar sem hverju rými bæjarins og úтиhúsum er lýst og úttekt Árna Jónssonar og Jóns Jóakimssonar í Múla á jörðinni Þverá 1892⁹ þar sem má finna lýsingu á jörðinni og hlunnindum hennar. Loks má nefna reikning yfir þá viði sem notaðir voru til baðstofunnar sem gefur einhverja hugmynd um byggingu hennar,¹⁰ skrá yfir myllur á svæðinu m.a. myllu sem reist var við Þverá 1845¹¹ og brunabótamat „Commercial Union London“ á Þverárbænum 1903¹².

⁶ Sjá uppskrift úr dagbókum Jóns Jóakimssonar í Þverármöppu húsasafnsins.

⁷ Sjá skjöl Lbs 4 NF, B XII og Lbs 767 fol í heimildaskrá.

⁸ Skjal E 150-4

⁹ Skjal E 570-8

¹⁰ Skjal E 148-1

¹¹ Skjal E 144-28

¹² Skjal E 570-1

Myndir segja oft meira en þúsund orð og því var afar heppilegt að ljósmyndasafn af Þverárbænum frá árunum 1945-51 reyndist vera til,¹³ hluti þess barst Héraðsskjalasafni Þingeyinga á meðan á rannsókninni stóð, hluti var í eigu Áskels Jónassonar og loks hluti í umsjá Jakobs Hálfdanarsonar sem er búsettur í Reykjavík en á rætur sínar að rekja til Þverár. Einnig fundust tvær myndir á Skjalasafni Skagfirðinga en engar við leit á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og ljósmyndasafni Minjasafns Akureyrar. Þegar var búið að taka afrit af myndum úr Ljósmyndasafni Íslands.¹⁴ Fyrrnefnt myndasafn var tekið af Jóni Jónssyni Víðis sem var sonarsonur Jóns Jóakimssonar og mikill áhugaljósmyndari. Myndir hans sýna Þverárbæinn frá öllum mögulegum sjónarhornum, landið í kring, ábúendur og ekki síst hvernig umhorfs var inni í bænum. Þetta eru dýrmætar myndir sem gefa einstaka innsýn í lífið á bænum á meðan enn var búið í honum. Af þeim er hægt að átta sig á því hvernig bærinn hafi litið út að innan sem utan og því ásigkomulagi sem hann var í um 20 árum áður en búsetu lauk í bænum.

Seinna tímabilið í viðgerðarsögu bæjarins hefst þegar Þjóðminjasafnið tekur hann í sína vörslu árið 1968. Áskell Jónasson, núverandi ábúandi á Þverá, hefur verið í forsvari fyrir flestum þeim framkvæmdum sem átt hafa sér stað á bænum allt frá því að Þjóðminjasafnið tók við honum, en bróðir hans Jón Jónasson tók einnig þátt í viðgerðunum þar til hann lést árið 1998. Áskell fæddist á Þverá 1938, bjó í bænum þangað til hann var kominn hátt á þrítugsaldurinn og hefur búið á jörðinni síðan. Því er hann einn mesti fróðleiksmaður um flest það sem viðkemur gamla bænum. Bæði man hann margt úr sinni eigin barnæsku og frá ungdómsárunum en hann hefur einnig verið duglegur að viða að sér fróðleik um bæinn fyrir sína tíð. Áskell hefur því leitt áfram viðgerðir á bænum í samráði við starfsfólk Húsaþiðunarnefndar og Þjóðminjasafnsins og hefur í því notið hjálpar norðlenskra torfhleðslumanna. Þess á milli hefur Áskell verið að dytta að hinu og þessu í bænum en oftast í samráði við aðila fyrrnefndra stofnana. Gamlar aðferðir hafa verið notaðar við viðgerðirnar en þó oft með nýtískulegum verkfærum. Ætíð hefur verið reynt að nýta efnivið úr bænum ef hægt hefur verið, stundum hefur þó reynst nauðsynlegt að rífa allt niður og reisa nýtt en þá hefur verið reynt að nýta afgangsvið annars staðar í bænum. Ekki hefur þetta þó verið kortlagt nákvæmlega og því getur verið erfitt að rekja sögu og notkun viða í bænum. Aðfenginn efniviður í framkvæmdirnar hefur að mestu leyti komið úr nágrenninu, nýr viður er t.d. að miklu leyti rekaviður sem fenginn var frá Þjóðminjasafninu eða frá Sílalæk í Aðaldal.

¹³ Sjá gamlar ljósmyndir af Þverárbænum tekna af Jóni Jónssyni Víðis í heimildaskrá.

¹⁴ Þær myndir eru í Þverármöppu húsaþiðunarfins. Einnig var farið í gegnum þær myndaskrár Ljósmyndasafns Íslands í Sarpi sem líklegar voru til að innihalda myndir af Þverá. Aðeins ein mynd fannst, vatnslitamynd Jóns Helgasonar nr. JH-8-13.

Í viðtali sem tekið var við Áskel þann 8. júní 2010¹⁵ var farið yfir viðgerðir á einstökum rýmum bæjarins, hvað hann hefur sjálfur gert við, hvað hann man eftir að hafi verið gert í bænum og loks það sem hann hefur heyrt um viðgerðir fyrir sína tíð. Áskell hefur haldið nokkuð mikilli tryggð við útlit bæjarins og lítið sem ekkert breytt út frá því sem áður var í viðgerðum sínum. Hann hefur ekki haldið upp á mikið af viðum sem voru ónýtanlegir í frekari viðgerðir¹⁶ en sérstökum einkennum í gömlu viðunum hefur hann stundum haldið í þeim nýju, t.d. bæsaði hann sérstakar rákir í endaviði í skemmunni sem höfðu verið í gömlu viðunum en hann henti þó þeim gömlu.¹⁷ Annars segist hann hafa reynt að endurgera bæinn í þeirri mynd sem hann var í þegar viðgerðirnar hófust. Þó má sjá undantekningu á því, t.d. í norðurstofunni sem hefur verið gerð upp og máluð, þá var fenginn málari frá Akureyri sem skrapaði niður í neðsta málningarálag og málaði stofuna í upprunalegum litum. Hún hafði þó verið máluð dekkri í millitíðinni. Af nýlegum viðgerðum á bænum má helst lesa í minnispunktum Hjörleifs Stefánssonar, þáverandi minjastjóra Þjóðminjasafnsins, og Haraldar Helgasonar, þáverandi verkefnisstjóra viðgerða húsasafns.¹⁸ Einnig er gagnlegt að líta á þær færslur um Þverárbæinn sem komið hafa fyrir í ársskýrslum Þjóðminjasafnsins þar sem hægt er að rekja framkvæmdir við bæinn.¹⁹

Eitt af því merkilega við Þverárbæinn er að þar hafa varðveist ýmis úтиhús eða tóftir úтиhúsa.²⁰ Þetta eru ýmist hesthús, lambhús eða hlöður sem mörg hver virðast hafa staðið í lengri tíma og eru jafnvel mun eldri en bærinn sjálfur. Einnig hafa fundist forntóftir á Þverá sem ekki hafa þó verið tímasettar²¹ og dýra- og mannabein hafa fundist í meintu kumlstæði sem hefur verið á merkjum milli Þverár og Auðna sem var hjáleiga Þverár.²² Það er því hægt að finna ummerki manna á jörðinni mun lengra aftur en bærinn í núverandi mynd hefur staðið. Að auki er á jörðinni steinhlaðin kirkja sem Jón Jóakimsson byggði árið 1878 en hún er úr grófum sandsteini og múrhúðuð að innan og utan.

Unnið var að því að festa á filmu núverandi ástand bæjarins, til hægðarauka fyrir þá vinnu við bæinn sem á eftir kemur. Auk yfirlitsmynda af hverju rými bæjarins og ljósmynda af uppistandandi úтиhúsum hafa verið teknar einskonar þríviddarmyndir af flestum

¹⁵ Viðtal í tveimur hlutum nr. DW_B0089 og DW_B0090.

¹⁶ Sjá þó grein um fjalir sem Áskell fann í smiðjunni og bæjardyrunum og færði Þjóðminjasafnину. Þór Magnússon, „Minningartafla úr Þverárkirkju.“

¹⁷ Sjá viðtal við Áskel Jónasson nr. DW_B0090.

¹⁸ Sjá Þverármöppu húsasafnsins.

¹⁹ Sjá skrá yfir færslur í ársskýrslum Þjóðminjasafnsins í heimildaskrá.

²⁰ Sjá skrá um úтиhús við Þverá í heimildaskrá.

²¹ „Forntóttir á Þverá í Laxárdal.“

²² Beinin eru skráð í Sarpi nr. 2000-3-2 og 2000-3-1.

vistarverum í bænum. Á þeim er hægt að ferðast 360° hring um rýmin og auk þess fá nærmyndir af einstöku hlutum. Myndirnar eru í forritinu Photosynth²³ og þarf að hafa sérstaka vefslóð til að skoða þær á vefnum.²⁴

Lífið í bænum

Það sem glæðir hverja vistarveru lífi er saga fólksins sem þar hefur búið. Á Þverá hefur alist upp og dvalið margt merkilegra manna og er það síður en svo til að draga úr mikilvægi bæjarins. Af bænum má enn í dag sjá að þar hefur búið fólk sem var vel í eftir þó ekki hafi þarna verið höfðingjasetur. Bærinn er vel byggður og virðist flestum heimildum koma saman um það að þar hafi búið handlagið og afar snyrtilegt fólk sem eflaust hefur átt sinn þátt í því að bærinn hefur varðveist svo lengi og vel sem raun ber vitni.

Eins og fyrr segir var það Jón Jóakimsson sem byggði bæinn en þetta var eignarjörð fyrri konu hans, Herdísar Ásmundsdóttur. Jón hafði lært til smiðs í Reykjavík en fékk sveinsbréfið sitt frá Þorsteini Danielssyni á Skipalóni.²⁵ Sagt er að þegar þau tóku við jörðinni hafi hún verið niðurnídd og húsakostur lélegur. Auk bæjarins byggði Jón öll fjárhúsin og hlöðu við hvert hús og endurbyggði loks kirkjuna úr höggnu grjóti sem áður var hrörleg torfkirkja. Steinana í kirkjuna tók hann úr Hólaklöppum sem eru handan Laxár og lét draga yfir ána á ís að vetrarlagi.²⁶ Í skjalasafni Jóns Jóakimssonar eru margvíslegar upplýsingar um búskaparhætti sem hann hefur samviskusamlega skráð niður. Nokkur dæmi voru tekin úr skjalasafninu og ljósrituð, m.a. fagurlega skrifuð reikningsbók yfir kaup vinnufólksins á Þverá, skrá yfir skorna sauði árið 1887 og síða úr vasabók Jóns.²⁷ Þetta er þó einungis lítið sýnishorn af þeim skjölum Jóns sem varðveitt eru auk dagbóka hans.

Á Þverá hafa vistarverurnar tekið á sig ýmis hlutverk eins og algengt var í þessum bæjum. Suðurstofa Þverár hýsti m.a. fjölskyldur í þrígang, í eitt skipti í ein tíu ár, þar var haldinn farskóli þar sem nemendur og kennari sváfu í stofunni, þar gisti vinnufólk yfir sumarið, messukaffi var þar drukkið og lokst voru lýðveldiskosningarnar í Laxárdalnum haldnar í suðurstofunni 1944.²⁸ Fjöldi ábúenda hefur einnig ætíð verið breytilegur, á stundum bjuggu þar aðeins hjón með börn sín en á öðrum tímum höfðu bæst í hópinn aðrir

²³ Vefur: www.photosynth.net

²⁴ Sjá skrá yfir photosynth myndir í heimildaskrá.

²⁵ Skjal E 144-20

²⁶ Halldóra Bjarnadóttir „Þverárheimilið“, bls. 45-47.

²⁷ Skjöl E 146-17, E 146-4 og E 146-3.

²⁸ Sjá viðtöl, m.a. við Þorbjörgu Björnsdóttir nr. DW_A0092 um lýðveldiskosningarnar.

fjölskyldumeðlimir, vinnufólk og þeirra fjölskyldur og ómagar.²⁹ Nýting hússins hefur því verið breytileg eftir fjölda ábúenda og aðstæðum, þurft hefur að breyta svefnstöðum, matarvenjum, skepuhúsum o.s.frv. eftir fjölda fólksins.

Þegar lesnar eru endurminningar um fólkid á Þverá þá er oft farið háfleygum orðum um bæinn og ábúendur hans. Talað er um að „söguhelgi hvíl yfir bænum“ og að þarna sé „vagga samvinnuhreyfingarinnar“, svo eitthvað sé nefnt. Hreppstjórar voru á bænum í þrjá ættliði, Jón Jóakimsson, synir hans Jón og Snorri Jónsson (og reyndar Benedikt um tíma) og loks sonur Snorra, Jónas Snorrason. Miklar bréfaskriftir áttu sér því stað á bænum og bændurnir hafa augljóslega verið vel að sér hvað varðar sveitar- og landsmálin eins og sést í bréfa- og skjalasöfnum þeirra, mætt á þá fundi sem haldnir voru á svæðinu og látið til sín taka. Stofnun Kaupfélags Þingeyinga er nátengd bænum, ekki einungis fyrir þær sakir að stofnfundurinn var þar haldinn 20. febrúar árið 1882 heldur voru forsprakkar þessa félagsskapar m.a. Benedikt Jónsson Jóakimssonar, sem seinna var kenndur við Auðnir, og Jakob Hálfdanarson, bróðursonur Jóns Jóakimssonar en hann varð svo fyrsti formaður félagsins. Í skjalasöfnunum er margvíslegt efni tengt Kaupfélagini og sést þar hve umsvifin hafa verið mikil. Í gegnum kaupfélagið opnaðist Þverarfólk svo nýr heimur því af pöntunarlistum þess hefur borist ýmislegt sem nýtt var af nálinni. Hljóðfæri voru keypt og er víða talað um tónlistarhefð Þverárheimilisins. Mikið og gott safn var af alls kyns bókum og tímaritum á Þverá en Benedikt Jónsson sem ungar fluttist að Auðnum, sem var hjáleiga Þverár, var ákafur bókasafnari og stofnaði m.a. sýslubókasafn Þingeyinga árið 1905. Loks voru erlend áhrif nokkur á heimilinu en um tíma lá þjóðleiðin í gegnum bæjarhlaðið, líklega á milli bæjarins og suðurskemmunnar. Þar hafa því farið framhjá margir ferðalangar, innlendir sem erlendir og verið gestkvæmt, ekki síst af veiðimönnum sem sóttu í Laxána.³⁰ Ekki verður hér farið ítarlega í öll afrek Þverárfólks á menningar- og stjórnþálasviðinu en frekar bent á útgefin rit sem gera efninu góð skil.³¹ Áhugavert er þó að benda á eitt lítið atriði sem tengir saman menningu og stjórnþálið á Þverárheimilinu fyrir tilviljun. Til er handrit af Eddu sem kallað er Melsteðs-Edda. Eintak þetta var í eigu Skarða-Gíslí, föður Arngríms Gíslasonar

²⁹ Þetta má m.a. sjá í bréfum heimilismanna. Í bréfi Snorra Jónssonar til Jóns bróður síns frá 1900 segir Snorri t.d.: „heimilisfólk hefur ekki verið annað en við hjónin og drengir okkar“. Í öðru bréfi milli Snorra og Jóns frá 1927 (E 150-7) telur Snorri aftur á móti upp 17 manns á heimilinu.

³⁰ Halldóra Bjarnadóttir „Þverárheimilið.“

³¹ Sjá t.d. skrá yfir útgefnar bækur og tímaritareinir í heimildaskrá. Einnig má benda á vefsíðu Más Viðars Mássonar sem á ættir sínar að rekja til Þverár en á síðu hans má m.a. finna niðjatal ýmissa ábúenda bæjarins, skemmtisögur og uppskrifaðar dagbókarfærslur. Vefslóðin er: www.simnet.is/mas/

málara, en þeir feðgar voru um tíma í húsmennsku á Auðnum. Í band bókarinnar var notað rifrildi úr bréfi Jóns Sigurðssonar forseta til Jóns Jóakimssonar og segir það kannski eithváð um umsvif mála á Þverárheimilinu.³² Arngrími og Þverárfólkini varð afar vel til vina og teiknaði hann meðal annars fallega teikningu af bænum³³ og málaði altaristöfluna sem nú er í Þverárkirkjunni. Að lokum má nefna aðra þjóðþekkta manneskju sem tengist Þverárbænum en það er Unnur Benediktsdóttir Bjarklind, oftast þekkt sem skáldkonan Hulda. Hún var dóttir Benedikts á Auðnum og ólst því upp í næsta nágrenni við Þverá. Einn viðmælandi þessa verkefnis minntist á það að henni hafi alltaf fundist sem Hulda hafi verið að lýsa einhvers konar blöndu af Þverárbænum og Auðnabænum í skáldsögu sinni *Dalalífi*.³⁴ Þó auðveldlega megi ímynda sér það verður ekkert fullyrt um það hér.

Þau viðtöl sem tekin voru í tengslum við verkefnið gefa flest ágæta sýn inní líf ábúenda á Þverá þótt oft geti það reynst fólk erfitt að rifja upp hluti sem áður þóttu alla jafna hversdagslegir og sjálfssagðir. Systkinin Áskell, Hildur og Aðalbjörg gátu gefið ýmsar upplýsingar um æskuheimili sitt og Þorbjörg Björnsdóttir sem var búsett í Laxárdalnum á sínum yngri árum kom með ágætt sjónarmið gests á heimilinu. Í öllum þeim sendibréfum sem Þverárfólkioð hefur sent frá sér og varðveisist hafa má einnig fá góða innsýn í líf fólksins og í þjóðháttaskrám Þjóðminjasafns má finna upplýsingar um Þverá.³⁵ Þá má benda á gamlar tímartitsgreinar sem ljósritaðar hafa verið og fjalla um Þverárfólkioð og einnig útvarpsþátt einn þar sem útvarpsmaðurinn Jónas Jónasson fjallar um lífið í Laxárdalnum þegar hann var að alast upp, þótt ekki sé minnst sérstaklega á Þverárbæinn.³⁶

Efnismenning

Eins og áður sagði hafa gríðarmargir gripir varðveisist í Þverárbænum. Þeir hafa að öllum líkindum safnast saman í bænum allt frá því hann var byggður, sumt hefur eflaust verið heimasmiðað en annað verið flutt frá öðrum heimilum eða fengist aðkeypt.

³² *Vefur*: <http://www.handrit.is/en/manuscript/view/is/SAM-0066>

³³ Sjá teikningu í heimildaskrá.

Kristján Eldjárn, *Arngrímur málari*, bls. 13-20.

³⁴ Sjá viðtal við Þorbjörgu Björnsdóttir nr. DW_A0092.

³⁵ Sjá ljósrit úr þjóðháttaskrám í heimildaskrá.

³⁶ Þátturinn „Sumt er gott að munu“ í umsjón Jónasar Jónassonar. Skrá DB 12132 á safnadeild RÚV. Í þættinum spjallar Jónas við Ásgeir Torfason, fyrrum bóna á Halldórsstöðum og Bergstein Gunnarsson, bóna í Kasthvammi um mannlíf í Laxárdalnum fyrr og nú. Frumflutt 20.05.1990.

Í þeim skjalasöfnum sem leitað var í fundust margvíslegar uppskriftir á innbúi. Þar má nefna uppteiknan af þeim fjármunum sem Herdís Ásmundsdóttur, fyrri konu Jóns Jóakimssonar, afhentust er hún fór úr foreldrahúsum, uppskrift og virðingargjörð á dánarbúi Herdís Ásmundsdóttur, lóðseðill yfir hluta Jóns Jóakimssonar úr búi móður hans Aðalbjargar Pálsdóttur, lóðseðlar Maríu Jónsdóttur og Jóns Jónssonar við skipti eftir móður þeirra Herdís Ásmundsdóttur, lóðseðill Jóns Jónssonar (Jóakimssonar) eftir föður hans og fóstru (Bergljótum Guttormsdóttur), uppgjör J.J. við dánarbú Hálfdáns Jóakimssonar bróður hans, uppboðsbók á munum J.J.³⁷ Þótt kannski sé flókið að rýna í öll þessi skjöl og erfitt að finna tengslin milli þessara uppskrifta og svo þeirra gripa sem enn eru til á bænum gefur þetta þó góða hugmynd um eðli og innihald innbúsins á Þverá í gegnum árin.

Í viðtölum við Áskel Jónasson og Hildi Jónasdóttur sem tekin voru á göngu um bæinn³⁸ var m.a. spurt um ýmsa gripi, uppruna þeirra, tilgang, eigendur, upphaflega staðsetningu o.fl. Þær upplýsingar hafa allar verið settar inní gripaskrána auk þess að vera í uppskriftum viðtalanna. Eins og staðan er í dag hefur gripunum í bænum víða verið safnað saman í ákveðin herbergi til að rýma fyrir öðrum svæðum í bænum þar sem viðgerðir hafa átt sér stað. Skráningin á gripunum var gerð eftir hverju herbergi fyrir sig og má því gera ráð fyrir því að margir séu ekki á upprunalegum stað.³⁹

Fyrir utan gripina í bænum þá hafa nokkrir gripir verið færðir inní nýja íbúðarhúsið. Búið er að útbúa sér lista yfir þá muni og þeir ljósmyndaðir.⁴⁰ Ennfremur hafa margir gripir úr Þverá verið gefnir bæði í torfbænni Grenjaðarstað og á Safnahúsið á Húsavík í gegnum árin þar sem þeir eru margir hverjur til sýnis. T.d. er búið að endurgera suðurstofu bæjarins á sýningu Safnahússins og þar eru ýmis húsgögn úr hinni raunverulegu suðurstofu. Útbúin var skrá yfir þessa muni og núverandi staðsetningu þeirra.⁴¹

Þverá sem safn

Oft hefur verið rætt um að Þverárbærinn sé tilvalinn til þess að þjóna sem svokallað „lifandi safn“, þ.e. að búskapur verði stundaður á bænum með gamla laginu og dýr fái að vappa um jörðina.⁴² Vissulega er æskilegt að bærinn geti þjónað fjölbreyttu hlutverki, haft fræðslugildi

³⁷ Sjá skjöl E 148-1, E 149-7, E 145-1 og E 145-7.

³⁸ Viðtol nr. DW_B0089, DW_B0090 og DW_B0093

³⁹ Sjá Gripaskráning – vinnuaðferð í heimildaskrá.

⁴⁰ Sjá skrá yfir þá muni úr Þverárbænum sem nú eru geymdir í nýja íbúðarhúsinu í heimildaskrá.

⁴¹ Sjá skrá yfir þá gripi úr Þverárbænum sem varðveittir eru í Safnahúsinu á Húsavík eða á Grenjaðarstað í heimildaskrá.

⁴² Sjá t.d. „Minnisatriði um Þverá í Laxárdal“ í Þverármöppu húsasafnsins.

fyrir alla aldurshópa og gæti lifandi safn verið sérstaklega fróðleiksríkt fyrir börn, ekki síst ef einhvers konar dagskrá væri til staðar eða fræðsluefní sem hægt væri að virkja þau í. Þannig myndar öll jörðin með útihúsunum góðan vettvang fyrir hressandi fræðslustarf í einstöku umhverfi.

Bærinn Grenjaðarstaður er glæsilegur torfbær á vegum hússafns Þjóðminjasafnsins, aðeins í um 10 mínútna fjarlægð frá Þverá og hefur verið opinn gestum síðan 1958. Upplagt væri að reyna að tengja heimsóknir á bæina saman, og má gera það m.a. með því að leggja áherslu á mismun þessara bæja sem þó standa tiltölulega stutt frá hvorum öðrum.

Grenjaðarstaður var kirkjustaður og prestsetur og því auðugt stórbýli sem þótti einn mesti og reisulegasti bær héraðsins í sinni tíð.⁴³ Þverá var aftur á móti meiri alþýðubústaður þótt ábúendur þar hafi vissulega verið ágætlega eftum búinir, og gefur betri hugmynd um alþýðlega torfbæi fyrri tíma. Þar sem Grenjaðarstaður er aðeins nær alfaraleið en Þverá, sem er talsvert afskekktur bær, þá er tilvalið að leiða það fólk sem kemur á Grenjaðarstað inn að Þverá.

Það er einstök upplifun að keyra um Laxárdalinn og koma að Þverá en bæjarstæðið er sérlega fallegt; þar er einnig falleg kirkja, stór kálgarður og ýmis útihús sem gera upplifunina af heimsókn þangað enn sterkari. Án efa gæti þetta orðið vel heppnaður ferðamannastaður og stuðlað að því að hleypa auknu lífi í dalinn.

Þverá á heimsminjaskrá

Þverárbærinn er ein af 14 torfbyggingum sem til álíta koma í svokallaðri raðtilnefningu til heimsminjaskrár sem leggja á fyrir alþjóðlegu heimsminjanefndina. Þrátt fyrir að torfbæjarhefðin hafi verið við lýði í mörgum löndum þá er hin íslenska hefð, sem rekja má allt til 9. aldar og þróaðist út frá langhúsum landnámsmanna, sérstök að því leyti að hér hefur hún verið nýtt í allar tegundir bygginga og á öllum stigum samfélagsins. Annars staðar voru torfbyggingar hins vegar aðallega tengdar við almúgann. Íslenski torfbærinn á sér því langa sögu og hefur þróast á sérstakan hátt eins og sjá má á þeim byggingum sem varðveist hafa. Það má því renna stoðum undir það að þessi saga sé einstök á heimsvísu.⁴⁴

Í alþjóðlegum sáttmála UNESCO frá 1972 um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins eru skilgreind þau viðmið sem tiltekinn staður þarf að uppfylla til að teljast til heimsminja. Þar er m.a. rætt um staði (e. *sites*) sem teljast til heimsminja ef þeir

⁴³ Vefur: www.husmus.is

⁴⁴ Vefur: www.heimsminjar.is

hafa orðið til vegna „vinnu manna eða samspils manns og náttúru [...] og hafa einstakt alþjóðlegt gildi frá sögulegu, fagurfræðilegu, þjóðfræðilegu eða mannfræðilegu sjónarmiði.“⁴⁵ Það má segja að Þverárbærinn geti uppfyllt öll þessi skilyrði. Hann hefur vissulega orðið til af mannavöldum en eins og flestir torfbærir hafa náttúruöflin spilað stóran þátt í hönnun, byggingu og viðhaldi bæjarins. Af bænum sjálfum og öllum þeim gripum sem í honum hafa varðveist má fá mikilvægar upplýsingar um lifnaðarhætti og fagurfræði ábúenda og loks er sú saga sem tengist bænum merkileg þegar litið er til þeirrar þróunar sem varð í sveitum landsins hvað varðar samvinnufélög, framfarastefnu og menningarmál.

Nýlegar áherslur heimsminjaskrár UNESCO hafa miðað að því að líta á heimsminjastaði í heild sinni fremur en sem afmörkuð fyrirbæri. Í takt við þessar nýju áherslur er t.d. raðtilnefning íslensku torfbæjanna en hún miðar að því að vernda þessa menningararfleið sem eina heild. Ennfremur er í vinnslu raðtilnefning víkingaminja sem er samstarfsverkefni þeirra landa sem eiga slíkar minjar og er því lögð áhersla á alþjóðlega viðurkenningu minjanna fremur en mikilvægi þeirra sem þjóðminja. Auk þess að vera mikilvægur hlekkur í sögu torfbæja á Íslandi er Þverárbærinn líka merkilegur fyrir það menningarlandslag sem varðveist hefur svo vel á jörðinni og er hann því prýðilegt dæmi um heildarmynd af íslensku sveitalandslagi sem mikilvægt er að varðveita sem slíkt.

Líklegt er að ávinningurinn af því að fá íslensku torfbæina á heimslista UNESCO sé umtalsverður. Reynsla erlendis frá hefur sýnt að staðir á heimsminjaskrá njóta þess m.a. í aukinni kynningu sem viðkomandi staður hlýtur og þar af leiðandi aukins áhuga og virðingar ferðamanna, bæði innlendra sem erlendra. Með skráningu á heimslistann er auk þess tryggt að unnið verði faglega að varðveislu og kynningu viðkomandi staðar.⁴⁶

Niðurstöður

Nú á tínum virðist ferðaþjónusta vera það sóknarfæri sem býr yfir hvað mestu möguleikum á Íslandi. Lengi hefur náttúran verið eitt helsta aðráttarafl ferðamanna hér á landi en ekki hefur eins mikið farið fyrir menningartengdri ferðaþjónustu. Til að auka fjölbreytni í þessum iðnaði

⁴⁵ sites: works of man or the combined works of nature and man, and areas including archaeological sites which are of outstanding universal value from the historical, aesthetic, ethnological or anthropological point of view.

Vefur: „Convention Concerning the Protection of the World Cultural and Natural Heritage“, <http://whc.unesco.org/en/conventiontext>

⁴⁶ Sjá Margrét Hallgrímsdóttir „Ísland og heimsminjaskrá Unesco“, *Morgunblaðið* 9. maí 2010.

væri tilvalið að tengja frekar saman íslenska náttúru og menningu. Þar eru íslensku torfbærinnir einstaklega vel til þess fallnir að kynna íslenska sveitamenningu sem var svo háð náttúruöflunum og þróaðist í nánum tengslum við þau. Ef svo skyldi fara að sú tilnefning til heimsminjaskrár sem nú er gerð tillaga um í yfirlitsskrá Íslands gangi eftir má gera ráð fyrir því að torfbærjarhefðin á Íslandi fái aukna alþjóðlega athygli og getur það leitt af sér nýja möguleika í ferðaþjónustu hér á landi, fleiri störf innanlands og auknar tekjur.

Þegar ég hóf rannsókn mína á sögu Þverárbæjarins vissi ég lítið sem ekkert um hann. Eftir að ég fór að kynna mér málið frekar og viða að mér hinum ýmsu heimildabrotum fór þó að verða til skýr mynd af bænum, ekki aðeins sem merkilegum safngrip heldur einnig sem ramma utan um merkilegt heimilislíf, mannlíf og menningu sem þar óx og dafnaði í tengslum við þá sveitamenningu sem Laxárdalurinn ól af sér. Í þeirri heimildaleit sem átti sér stað kom í ljós að hér er um auðugan garð að gresja. Ekki er það síst mikilvægt að stutt er síðan búið var í bænum en þess vegna er enn hægt að fá frá fyrstu hendi sögur af lífinu í bænum sem er ómetanlegt þegar verið er að grafast fyrir um fortíðina. Af þeim skjölum og bréfum sem hafa varðveist má líka ráða það að bæði ábúendum bæjarins og öðrum sem honum tengdust hefur verið umhugað um að varðveita minninguna um bæinn sem augljóst er að hefur þótt merkilegur af samtímmönnum fyrir ýmsar sakir.

Gert er ráð fyrir því að þær heimildir sem safnast hafa í þessari rannsókn geti lagt grunn að heimildasafni um Þverárbæinn og legið til grundvallar sýningargerðar og annars konar miðlunar á staðnum, á vef Þjóðminjasafnsins og í bæklingagerð. Eftir þessa rannsóknarvinnu er ég sannfærð um að bærinn og saga hans eigi erindi við flesta þá sem áhuga hafa á þróun og eðli hins íslenska sveitasamfélags og þeim lifnaðarháttum sem þróuðust í sveitum landsins og aðlöguðust smám saman breyttum tínum og nýjungum. Þess er óskandi að vinna við Þverá haldi áfram og að fyrr en síðar geti hver sem er heimsótt bæinn og kynnt sér einstaka sögu hans.

Heimildir

Ýmsar skrár:

- Skrá yfir þá gripi úr Þverárbænum sem varðveittir eru í Safnahúsinu á Húsavík eða á Grenjaðarstað. Fengið úr Sarpi.
- Skrá yfir útihúsin við Þverá.
- Skrá yfir þá muni úr Þverárbænum sem nú eru geymdir í nýja íbúðarhúsinu.
- Skrá yfir allar þær færslur um Þverárbæinn sem komið hafa fram í ársskýrslum Þjóðminjasafnsins.
- Ýmsir punktar úr margvíslegum samtölum við Áskel Jónasson sem ekki voru tekin upp á band.
- Gripaskráning – vinnuaðferð.
- Skrá og lýsing á öllum gripum í Þverárbænum.

Viðtol:

- Viðtal við Aðalbjörgu og Hildi Jónasdætur 7. júní 2010 (DW_A0088 og uppskrift)
- Viðtal við Áskel Jónasson í Þverárbænum 8. júní 2010 (DW_B0089, DW_B0090 og uppskrift)
- Viðtal við Herdísí Birgisdóttur 9. júní 2010 (punktar)
- Viðtal við Áskel Jónasson í Þverárbænum 13. júlí 2010 (DW_C0091 og uppskrift)
- Viðtal við Hallgrím Valdimarsson 14. júlí 2010 (punktar)
- Viðtal við Þorbjörgu Björnsdóttur 15. júlí 2010 (DW_A0092 og uppskrift)
- Viðtal við Hildi Jónasdóttur og Áskel Jónasson í Þverárbænum 16. júlí 2010 (DW_B0093 og uppskrift)

Myndir (á tölvutæku formi):

- Skráningarmyndir af öllum gripum í Þverárbænum.
- Myndir af þeim gripum sem geymdir eru í nýja húsinu á Þverá.
- Yfirlitsmyndir af Þverárbænum að utan og öllum herbergjum fyrir innan.
- Myndir af þeim útihúsum sem enn eru uppistandandi.
- Þrívíddarmyndir af miðbaðstofu, suðurhúsi, norðurhúsi, eldhúsi, búri og suðurstofu í forritinu Photosynt.

-Vefslóðir fyrir hvert herbergi í photosynth forriti.

- Gamlar ljósmyndir af Þverárbænum, bæði innan og utanfrá, og af ábúendum. Teknar af Jóni Jónssyni Víðis á bilinu 1945-51. Fengnar í Safnahúsinu á Húsavík, hjá Áskeli Jónassyni og Jakobi Hálfdanarsyni.

- Skrá yfir fólk á ljósmyndum frá 1945-51, myndaröð nr. 1066.

- Gamlar ljósmyndir af bænum fengnar á Héraðskjalasafni Skagfirðinga.

- Ljósrit af teikningu Arngríms Gíslasonar málara af Þverárbænum. Myndin er í eigu Viðskiptaráðs Íslands en afrit af henni er á Safnahúsi Húsavíkur.

- Ljósrituð ljósmynd af Þverá úr bókinni „Benedikt á Auðnum“. Ljósmyndari óþekktur.

- Tvær myndir úr skjalasafni Þjms., ódags.

Ljósrit - prent:

- Manntal 1901 á Þverá, fengið af vef Þjóðskjalasafns.

- Ljósrit úr ársskýrslum Þjóðminjasafnsins sem vantaði í Þverármöppu húsasafns.

- Ljósrit úr þjóðháttasafni þar sem Þverárbærinn kemur við sögu.

-Ljósrit úr bókinni *Aðalbjörg og Sigurður. Vígslubiskupshjónin Aðalbjörg Halldórsdóttir og séra Sigurður Guðmundsson frá Grenjaðarstað segja frá*.

- Ábúendatal Þverár úr *Laxdælir. Ábúendatal 1688-1990*.

- „Bræðurnir Snorri og Benedikt Jónssynir frá Þverá í Laxárdal. Nokkrar skemmtisögur.“ Már Viðar Másson tók saman. (E 571-2)

- Teikning af Þverárbænum (með þeim númerum sem fylgt hefur verið í verkefninu).

-Teikning af Þverárbænum úr bókinni *Tverá, en islandsk törvegård*.

Tímaritagreinar:

,,80 ára: Jónas Snorrason hreppstjóri, Þverá“, *Tíminn* 2. mars 1972.

,,Bliðir dagar, bjartar nætur“, *Tíminn* 14. mars 1971.

,,Eldhuginn frá Auðnum“, *Þjóðviljinn* 20. feb. 1982.

,,Forntóttir á Þverá í Laxárdal“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 38. árg. 1924.

,,Heilsufar og mannalát“, *Skírnir* 68. árg. 1893.

,,Jón Jónasson. Minningargrein“, *Dagur* 17. okt. 1998.

„Jón Jónasson. Minningargrein“, *Morgunblaðið* 9. okt 1998.

„Kaupfélag Þingeyinga“, *Tíminn* 20. feb. 1962.

„Kirkjugarðurinn á Þverá í Laxárdal endurreistur“, *Morgunblaðið* 23. mars 2001.

„Það var fagur morgunn“, *Pjóðviljinn* 24. des. 1961.

Andrés Kristjánsson, „Undirbúningur Þverárfundar“, *Tíminn* 18. feb. 1982.

Gísli Sigurðsson, „Aftur á byrjunarreit“, *Morgunblaðið* 18. apríl 2010.

Halldóra Bjarnadóttir „Þverárheimilið“, *Hlin* 38. árg. 1946.

Sr. Sigurður Guðmundsson, „Þverárkirkja í Laxárdal 100 ára“, *Tíðindi Prestafélags hins forna Hólastiftis* 5. tbl. 1984.

Pór Magnússon, „Minningartafla úr Þverárkirkju“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 88. árg 1991.

Skjöl:

- Geymsluskrár yfir öll skjöl sem tengjast Þverárbænum á Héraðsskjalasafni Þingeyinga.
- Skrá yfir 15 bæi í S.-Þing. þar sem vatnsmyllur voru gerðar (E 144-28)
- Sveinsbréf Jóns Jóakimssonar timbursmiðs útgefið af Þorsteini Daníelssyni (Skipalóni) (E 144-20)
- Reikningsbók yfir kaup vinnufólks á Þverá (forsíða) (E 146-17)
- Sláturbók frá árunum 1870-1892 (E 146-4)
- Vasabók Jóns Jóakimssonar bónda Þverá (E 146-3)
- Útfararræða yfir Bergljótú Guttormsdóttur húsfreyju Þverá eftir Benedikt Kristjánsson prófast á Grenjaðarstað (E 146-10)
- Virðingargjörð dags. 14. júní 1866 á dánarbúi Herdísar Ásmundsdóttur (E 148-1)
- Lóðsseðill yfir hluta Jóns Jóakimssonar úr búi móður hans Aðalbjargar Pálsdóttur dags. 9. maí 1830 (E 148-1)
- Reikningur yfir það sem gjekk af trjáviði til baðstofunnar (E 148-1)
- Uppteiknun af þeim fjármunum sem Herdís Ásmundsdóttir afhentast þá hún fer frá foreldra húsum þann 4. júlí 1844 (E 148-1)
- Lóðsseðlar: Maríu Jónsdóttur og Jóns Jónssonar við skipti eftir móður þeirra Herdísí Ásmundsdóttur 1867 og Jóns Jónssonar eftir föður hans Jón Jóakimsson 1893 og fóstru hans Bergljótú Guttormsdóttur 1900 (E 149-7)
- Uppgjör Jóns Jóakimssonar við dánarbú Hálfðans Jóakimssonar bróður hans er dó á Þverá í ágúst 1891 (E 145-1)

- Uppboð úr dánarbúi Jóns Jóakimssonar Þverá (E 145-7)
- Bréf til Jóns Jónssonar frá Snorra Jónssyni á Þverá dags. 10. mars 1927 (E 150-7)
- Brunatryggingaskírteini Commercial Union, London 1902 (E 570-1)
- Bréf frá Benedikt á Auðnum til Snorra Jónssonar (E 570-5)
- Úttekt Árna Jónssonar og Jóns Jóakimssonar í Múla á jörðinni Þverá, dags. 27. nóv. 1892 (E 570-8)
- Virðingargerð á húsum á jörðinni Þverá í Laxárdal vorið 1893 (E 150-4)
- Dagbók Jóns Jóakimssonar 1857-1870 (E 147-2)
- Skýrslur um húsbyggingar í S.-Þingeyjarsýslum, úr bréfasafni Benedikts Jónssonar, hluti af skjali. (Lbs 767 fol)
- *Um húsbyggingar*, úr bréfasafni Jakobs Hálfdanarsonar, hluti af skjali. (Lbs 4 NF, B XII)

Útgefnar bækur:

- Gunnar Karlsson, *Frelsisbaráttu suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*. Rvk, 1977.
- Jakob Hálfdanarson, *Sjálfsævisaga, bernskuár Kaupfélags Þingeyinga*. Rvk, 1982.
- Hallgrímur Pétursson, *Laxdælir. Ábúendatal 1688-1990*. Keflavík, 1991.
- Hákon Jónsson, *Brotinn er nú bærinn minn*. Kópavogur, 2003.
- Jón Sigurðsson, *Sigurður á Ystafelli og samtíðarmenn hans*. Rvk, 1965.
- Kristján Eldjárn, *Arngrímur málari*. Rvk, 1983.
- Sveinn Skorri Höskuldsson, *Benedikt á Auðnum. Íslenskur endurreisnarmaður*. Rvk, 1993.